



Íslandsmeistari í sjóstöng



Beata Makilla var krýnd íslandsmeistari kvenna í sjóstöng 29. desember síðastliðinn. Hefðin er að lokahóf sjóstangveiðarinnar á Íslandi sé í Reykjavík að hausti til ár hvert en vegna aðstæðna í samfélaginu var því frestað og tekin ákvörðun um að bikarar og verðlaun yrðu send til félaganna og hvert sjóstangveiðifélag héldi sitt lokahóf.

Sjónsæ hittist því á Skerinu 29. desember þar sem verðlaunin sem

rötuðu hingað vestur voru afhent. Líkt og fram hefur komið hlaut Beata titilinn íslandsmeistari kvenna auk þess að vera aflahæsta konan með 2699,75 kg eftir sumarið. Jón Einarsson var í öðru sæti í íslandsmóti karla en hann var krýndur íslandsmeistari karla árið 2019.

Á meðfylgjandi mynd eru Beata og Jón með bikarana sína við afhendingu á Skeri.

sj

Mörg er matarholan



Þeir deyja ekki ráðalausir hrafnarnir þegar hungrið sverfur að. Ljósmyndari náði mynd af þessum krumma á þriðjudagsmorgun þar sem hann var kominn um borð í Farsæl SH 30, skipið lá þá við bryggju í

Grundarfirði.

Hrafninn kroppaði smáfisk úr trollinu og át hann með áfergi á milli þess sem hann krunkaði á félag sína svona rétt til að monta sig yfir hve klár hann væri.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Vel heppnaðar endurbætur á Vínbúðinni

Vínbúðin í Ólafsvík opnaði eftir miklar breytingar á síðasta þriðjudag. En hún fékk nýtt útlit um síðustu helgi, skipt var um gólfefni og ljós í loftinu ásamt því að búðin var skipulögð upp á nýtt og settar nýjar innréttingar, einnig var bætt við merkingar. Sett var nýtt ledljósaskilti utan á búðina.


Gekk vinnan hratt og vel fyrir sig en iðnaðarmenn sem starfa hjá Vínbúðinni og sjá um vinnu sem þessa í öllum vínbúðum landsins sáu um framkvæmdina, iðnaðarmenn úr Snæfellsbæ komu einnig að verkinu. Byrjuðu framkvæmdirnar á föstudegi eftir lokun og var allt tilbúið fyrir opnun á þriðjudegi. Var búðin lokuð á laugardeginum og mánudeginum vegna þessa en boðið var upp á lengri opnunartíma í Grundarfirði í staðinn.

Heppnuðust breytingarnar mjög vel og að sögn starfsmanna Vín-



búðarinnar mun breytingin bæta vinnuástöðu þeirra og bæta upplifun viðskiptavina.

þa



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÖLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is




Bændagur að vetri

Guðsþjónusta í Ólafsvíkurkirkju á sunnudag kl. 14.
Bændagur helgaður sjómönnum.
Gætt verður sóttvarnareglna og streymt.

Þorrablótum víða frestað

Föstudaginn næsta er bóndadagurinn en það er einnig fyrsti dagur þorrans. Ár hvert eru landsmenn spenntir fyrir þorranum, þorrablótunum og skemmtuninni sem honum fylgir. Í ár verður því miður breyting á og flestum, ef ekki öllum, þorrablótum í þeim búningi sem við þekkjum hefur verið frestað. Þorrablótsnefndir í Grundarfirði, Hellissandi og Ólafsvík eru sammála um að ekkert vit sé í að halda blót þó svo að takmörkunum yrði aflétt og vilja sýna ábyrgð og samstöðu með því að aflýsa blótunum þetta árið og stefna á að mæta tvífeld til leiks á næsta ári. Mörg fyrirtæki og félög hafa þó gripið til sinna ráða og slegið upp þorraveislu sem landsmenn geta notið heima hjá sér. Þá eru einhverjir sem bjóða uppá streymi af rafrænu þorrablóti eða upptökur frá eldri þorrablótum með kaupum á þorramatnum. Þorinn er því ekki alveg úti þó svo að þorrablótin falli niður í ár og opnar þetta jafnvel á tækifæri fyrir landsmenn að njóta skemmtunar hvaðan af landinu sem er.

sj



JÖKULL

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði, Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



JÓGAKLEFINN

JÓGANÁMSKEIÐ

Jóganámskeið 6 vikur 1.febrúar-11.mars
Kennit á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:45-18:45 (námskeið 1) & þriðjudögum og fimtudögum kl. 19:45-20:45 (námskeið 2)
Verð: 21.600 kr.
Hugleiðslunámskeið 4 vikur 3.-24.febrúar
Kennit á miðvikudögum kl. 20:15-21:00
Verð: 7200 kr.
Krakkajóga 4 vikur 1.-4. bekkur 1.-22. febrúar
Kennit á mánudögum kl. 16:30-17:15
Verð: 7200 kr.
Skráning fer fram á www.frystiklefinn.is

Kennarar: Brynja Bjarnadóttir og Kári Viðarsson
Staðsetning: Frystiklefinn Rífi, Hafnargötu 16



DÁSAMLÉG HEILSUVÍÐBÓT FYRIR ALLA!



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Fjórar úr Snæfellsbæ á úrtaksæfingar

Boðað hefur verið til úrtaksæfinga Knattspyrnusambands Íslands fyrir landslið kvenna í U16, U17 og U19. Líkt og áður eru öflugar stelpur frá Snæfellsbæ í úrtakshópnum og eiga möguleika á að keppa með landsliðinu.

Í U16 hópnum er Eyrún Embla Hjartardóttir en hún hefur verið að æfa með Víking í vetur. Aldis Guðlaugsdóttir er í úrtakshópi U17 og hefur verið að æfa með

Val. UEFA hefur þó tilkynnt að EM 2020/2021 hjá U17 karla og kvenna muni ekki fara fram en undankeppni EM 2022 mun fara fram í haust. Bæði Aníta Ólafsdóttir og Sædís Rún Heiðarsdóttir eru svo í hópi U19 úrtaksins. Aníta hefur verið að æfa með ÍA og Sædís hefur verið með Stjórnunni.

Undankeppni EM 2021 hjá U19 verður leikin í apríl 2021.

sj

Northern Wave frestað til hausts

Vegna heimsfaraldursins varð að fresta uppákomur sem tengjast hátíðinni Northern Wave International Film Festival sem halda átti á Rífi. Hátíðarhaldarar eru hjartsýnir á haustið og hafa ákveðið að allar myndirnar sem voru staðfestar í fyrra verði sýndar á hátíðinni 22. - 24. október í staðinn.

Jafnvel þó heimsfaraldurinn COVID19 hafi haft mikil áhrif þá hafa þeir sem standa að hátíðinni ekki setið aðuðum höndum. Undanfarin ár hefur Nordic Girls Shoot málstofan verið haldin samhliða hátíðinni.

Markmið vinnustofunnar er að efla tengslanet kvenna í kvikmyndaiðnaðinum á Norðurlöndunum. Vinnustofan var flutt á netinu þar sem allir 14 þátttakendur, sem komu frá Íslandi, Noregi, Færeyjum, Grænlandi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, tóku þátt í ýmsum fundum og umræðum með sjö leiðbeinendum, einum frá hverju landi.

Málstofan var haldin á netinu dagana 11. - 13. desember. Þátttakendur munu einnig hitta leiðbeinendur sína á staðnum í janúar og verður öllum boðið á hátíðina næsta haust.



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Skautasvell Grundfirðinga



Á heimasíðu Grundarfjarðar segir frá því að í veðurbliðunni og frostinu í síðustu viku var hægt að skella sér á skautasvellið í Grundarfirði. Það er heimatilbúið þegar aðstæður leyfa, á bílplaninu gegnt grunnskólunum. Eins og þekkt er, gera

veðurbreytingar það að verkum að svellið er ekki eins varanlegt og við myndum vilja. Á þriðjudag var slökkviliðið að sprauta meira vatni á svæðið og er vonandi að frost haldist, svo hægt sé að skella sér á skauta.

grundarfjordur.is

Starf í vélsmiðju Vélvirkjar, vélfræðingar og stálsmiðir

Smíðjan Fönix óskar eftir að ráða metnaðarfullan og harðduglegan einstakling með fagmenntun og/eða starfsreynslu, eða nema á sviði mál- og véltæknigreina. Um framtíðarstarf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðum og þéttum starfsmannahópi.

Helstu verkefni

- Viðgerðir og viðhald á vélbúnaði, einkum tengt sjávarútvegi og iðnaði
- Samsetning á vélbúnaði
- Stálsmiði
- Rennismiði
- Önnur tilfallandi verkefni í vélsmiðju

Menntun og hæfniskröfur

- Iðnmenntun, vélfræðimenntun og / eða góð reynsla í faginu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og vinnur vel í teymi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Útsjónarsemi og lausnamiðaður hugsunarháttur
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknir sendist á starf@fönix.is eigi síðar en 25. janúar
Öllum umsóknum verður svarað.



Smíðjan Fönix rekur verslun, vélsmiðju og rafvirkjapjónustu á Rífi í Snæfellsbæ. Fyrirtækið hefur starfað síðan 2017 og er í örur vexti. Hjá fyrirtækinu starfa 8 manns.

Kuldaboli er kominn á kreik



K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Með rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.

Litur: Gulur. Stærðir: XS–5XL.



Vnr. 9616 K2 2009

Kuldagalli vattfóðraður

Kuldagalli vatteraður með cordura efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum með flipa yfir. Hægt að taka hettuna af. Hnjápuðavasar.

Litur: Svartur. Stærðir: S–6XL.



Vnr. 9616 K2 2001

Dimex kuldagalli

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum.

Litur: Svartur. Stærðir: S–3XL.



Vnr. 9609 648

Olympia ullarbolur

Langerma ullarbolur með kraga og rennilás úr merinóull.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.



Vnr. A546 JSB517-16

Olympia föðurland úr ull

Föðurland úr merinóull. Ekki með klauf.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.



A546 JSB517-21



Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með riflás.

Litur: Ljós. Stærðir: 9, 10, 11.

Vnr. 9640 335



Vettlingar

Hlýir Showa 451 vettlingar með góðu gripi. Ca 25 cm háir.

Vnr. 9658 451



Vetrarhanskar

Nýtril dýfður vetrarhanski með mjög gott grip. Litur: Svartur. Stærðir: 9-11. Frábær hanski, lipur og með gott grip. Fóðraður.

Vnr. 9640 8810



Lambhúshetta

Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómmull.

Ein stærð.

Vnr. A421 2



Dimex húfa

Dimex þrjónahúfa.

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

Vnr. 9609 4260+

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ